

L Ö G

um breyting á lögum nr. 75 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins,
landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Á árinu 1970 er ríkisstjórninni heimilt að lækka framlag á fjárlögum til landnáms vegna nýbýla skv. 27. gr. laga nr. 75/1962 úr 9.5 milljónum kr. í 3.5 milljónir króna og til íbúðarhúsa á nýbýlum skv. 48. gr. laga nr. 75/1962 úr 2.4 milljónum króna í 0.9 millj. kr.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.

L Ö G

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að selja Gísla Jónssyni, bónda á Engimýri, eyðijörðina Fagranes í Öxnadalshreppi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að selja Gísla Jónssyni, bónda á Engimýri, eyðijörðina Fagranes í Öxnadalshreppi, og er þar með niður fallin sú heimild til sölu jarðarinnar, sem getur í lögum nr. 54/1950.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 12. maí 1970.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Ingólfur Jónsson.